



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Hafnarfjarðarkaupstaður
b.t. Rósu Guðbjartsdóttur
bæjarstjóra
Strandgötu 6
222 Hafnarfjörður

Reykjavík 28. maí 2019

1810042SA AGB
Málalykill: 14.11

Efni: Val á sveitarfélögum til að taka þátt í íbúasamráðsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstaðar

Með bréfi, dags. 28. febrúar sl., var sveitarfélögum gefinn kostur á að sækja um þátttöku í íbúasamráðsverkefni sambandsins og Akureyrarkaupstaðar. Í bréfinu var kynnt að samráðshópur verkefnisins muni sjá um að velja þrjú þátttökusveitarfélög á grundvelli umsókna þeirra. Leitast verði við að velja sveitarfélög með tilliti til þess að þau séu fjölbreytt að stærð og gerð, en einnig með tilliti til forsendna þeirra til að framkvæma verkefnið og hugmynda um samráðsefni. Umsóknarform fylgdi þar sem sveitarfélöggin voru beðin um að gera grein fyrir hugmyndum sínum um samráðsefni og rökstyðja umsókn sína.

Samráðshópurinn sem er skipaður þeim Önnu G. Björnsdóttur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Evu Marín Hlynsdóttur frá Háskóla Íslands, Grétari Pór Eyþórssyni frá Háskólanum á Akureyri, Sóleyju Björk Stefánsdóttur frá Akureyrarkaupstað og Stefaníu Traustadóttur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, hefur nú lokið við að meta þær 10 umsóknir sem bárust og hefur komist að samhljóða niðurstöðu um að velja:

- Kópavogsbæ
- Norðurþing og
- Stykkishólmsbæ til þátttöku í verkefninu.

Þessi sveitarfélög eru fjölbreytt að stærð og gerð og samráðshópurinn telur umsóknir þeirra bestar að gæðum. Þær feli í sér vel ígrundaðar hugmyndir um samráðsefni og þátttöku og hafi góða tengingu við handbók sambandsins um íbúasamráð sem verkefnið mun byggjast á.

Samráðshópurinn vill þakka öllum tíu sveitarfélögum fyrir umsóknir sínar og áhuga á að taka þátt í verkefninu og minnir að lokum á að markmið þess er að afla reynslu af íbúasamráði sem geti nýst öðrum sveitarfélögum í kjölfarið.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Anna G. Björnsdóttir

Anna G. Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

Samrit: Fljótsdalshérað
Hveragerðisbær
Kópavogsbær
Mosfellsbær
Norðurþing
Reykjanesbær
Skútustaðahreppur
Stykkishólmssbær
Vestmannaeyjabær